



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Halldóra Harpa Ómarsdóttir  
Vallarhúsum 3  
112 Reykjavík

Reykjavík 15. september 2014  
Tilv.: MMR14020175/9.41-

Efni: Umsókn um viðurkenningu á Háarakademíunni ehf. sem einkaskóla á framhaldsskólastigi

Með bréfi, dags. 13. júní 2014, sótti Háarakademían ehf. um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi, til að útskrifa nemendur með sveinspróf í háriðn. Mennta- og menningarmálaráðuneytið staðfesti móttöku umsóknarinnar og tilkynnti þriggja mánaða afgreiðslufrest með bréfi, dags. 26. júní 2014.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 getur ráðherra veitt öðrum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 byggir á þessum kafla laganna, í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um hvað þurfi að fylgja umsókn.

Ráðuneytið hefur farið yfir innsenda skólanámskrá, bæði almennan hluta og námsbrautarlýsingu. Starfsgreinaráð snyrtigreina veitti umsögn um námsbrautalýsinguna, í samræmi við 25. gr. laga um framhaldsskóla. Í stórum dráttum er skólanámskráin fullnægjandi og námsbrautin er skýrt fram sett og fellur í stórum dráttum að ákvæðum aðalnámskrár. Helstu athugasemdir eru við skjalavörslu, réttindi og skyldur nemenda, að réttur nemenda varðandi inntöku og námslok (sveinspróf) sé skýr hvað varðar almennar greinar og að meðferð ágreiningsmála og samstarf við utanaðkomandi aðila sé betur skýrt. Heildarumfang námsins þarf að vera skýrt, tengja þarf kröfur aðalnámskrár um lykilhæfni betur við einstaka þætti námsbrautarlýsingarinnar, ekkert er fjallað um skilyrði fyrir námsframvindu og hvað gerist ef nemandi fellur í einstökum áföngum. Mikilvægt er að skólinn vinni að áframhaldandi þróun skólanámskrár og endurgerð námsbrautarlýsingar með það fyrir sjónum að tengja áfanga og námslok við hæfniprep fyrir haustönn 2015.

Ráðuneytið hefur farið yfir gögn um fjárhagslega ábyrgð og fjárhagslegt rekstraröryggi. Rekstur skv. arðsemismati skilar afgangi, bæði á árinu 2014 og 2015. Byggir þetta á 100% nýtingu á nemendaplássum og 100% innheimtu innritunar- og skólagjalda og gerir ráðuneytið athugasemdir við að umsækjandi gengur út frá því að nemendur fái lán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna vegna þessara gjalda. Efnislegar eigur Háarakademíunnar ehf. eru 2 m.kr. í eigin fé sem komið er frá forsvarsmanni skólans, þó án skriflegar staðfestingar og 4 m.kr. í formi yfirdráttarheimildar hjá viðskiptabanka. Þó áætlun fyrir árið 2014 geri ráð fyrir 750 þús.kr. afgangi í lok árs þá er gert ráð fyrir 5,7 m.kr. halla í lok nóvember, eftir fyrstu önnina. Þar með er eigið fé uppurið og skuld við bankann komin í 3,7. mkr.

Kennslan fer fram í Mörkinni 1, 108 Reykjavík. Fyrir liggur lýsing á starfsaðstöðu ásamt vottorðum frá yfirvöldum.

Fyrir liggur yfirlýsing ábyrgðaraðila um að hann veiti ráðuneytinu upplýsingar um starfsemi skólans á hverjum tíma.

Með þeim athugasemdum sem hér hafa verið tíundaðar og þeim tryggingum sem skólinn hefur lagt fram uppfyllir Háarakadémián ehf. skilyrði laga um framhaldsskóla og reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi til að fá viðurkenningu sem einkaskóli. Viðurkenningin gildir til 31. júlí 2015 og skal skólinn bæta úr athugasemdum á gildistíma viðurkenningarinnar. Viðurkenningarbréf þetta skal birta á vef skólans ásamt skólanámskrá, námsbrautalýsingu, verðskrá og gjaldtökureglum.


Viðurkenningin felur hvorki í sér viðurkað né skuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum sem stunda nám á námsbrautinni ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þar sem skólinn byggir rekstur sinn á skólagjöldum gerir ráðuneytið þá kröfu að nemendur séu með staðfestum hætti upplýstir um gjöldin og skilmála sem gilda um innheimtu þeirra og rétt til endurgreiðslu. Einnig skal skólinn benda nemendum á hvar skólanámskrá og námsbrautarlýsing er birt og hvetja þá til að kynna sér skipulag á brautinni, námskröfur og ákvæði um skyldur og réttindi nemenda og ábyrgð skólans á eigin starfsemi, áður en þeir eru teknir inn í skólann.

Skólanum ber, skv. reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, að senda veitanda viðurkenningarinnar árlega skýrslu um starfsemina og hafa frumkvæði að því upplýsa hann um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða fjárhag sem þessi viðurkenning byggir á.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 eða reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi nr. 426/2010 er hægt að afturkalla viðurkenninguna.

Ósk um endurnýjun viðurkenningar ásamt fullnægjandi gögnum þarf að berast a.m.k. þremur mánuðum áður en hún rennur út, eigi að vera tryggt að hægt sé að afgreiða hana fyrir þann tíma.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ásta Magnúsdóttir

  
Hellen Gunnarsdóttir